



ÚR HUGARHEIMI

SIGURÐUR ÞÓRIR

sýnir málverk og teikningar

Kjarvalsstöðum 20. febrúar – 6. mars 1988



SIGURÐUR ÞÓRIR SIGURÐSSON

er fæddur 31. mars 1948 í Reykjavík. Stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1968-1970. Hóf síðan nám við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1974 og var þar við nám hjá prófessor Dan Sterup - Hansen í fjögur ár eða til 1978.

Einkasýningar í Reykjavík 1976, 1977, 1981, 1983, 1985, 1986 og nú síðast í Gallerí Svart á Hvítu í nóvember 1986. Erlendis í Kaupmannahöfn 1975, 1977, 1978 og Þórshöfn í Færeyjum 1977. Einnig tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Verk í eigu Listasafns Íslands, Listasafns Alþýðu og einkaaðila hér heima og erlendis. Hefur tekið virkan þátt í félagsmálum myndlistamanna og setið í stjórn SÍM. til skamms tíma.

Tíminn líður, til allrar hamingju.

Sigurður Þórir vildi vera stríðsmaður þegar ég kynntist honum í Kaupmannahöfn fyrir mörgum árum, hann vildi gera listina að brandi, og kljúfa í herðar niður, að gömlum og góðum sið, þá sem stóðu í vegi fyrir mannkyninu á leið þess til betra lífs. Allt hefur sinn tíma, og þetta voru tímar hinna háværu mótmæla; strætin og torgin voru krökk af æskulyð sem hafði hrokkið upp af værdar- og velferðardraumum við stríð í Vietnam.

Samt þóttu mér spjótalög og tannagnjóstran ekki klæða Sigurð minn allskostar, því í eðli sínu var hann og er, til allrar hamingju, einsog svo margra listamenn barnsleg og tregafull sál. Ádeila Sigurðar á margskonar heimsósóma, stríðsbrótt, arðrán, mengun og ómennsku hefur þó ekki gufað upp í tímans rás. Andófið hefur hinsvegar hnikað af hinum ytra baráttuvelli á innri völl þarsem hann enn andæfir þessu sama gamla veraldarfári, en með öðrum meðulum. Sjálfur segist hann hafa óðlast skilning á grundvallarþörf okkar fyrir gleði, fegurð, munúð. Hann vill tefla fegurðinni gegn ljótleikanum, vinna á gljáfægðum tótleikanum með djörfum, munúðarfullum formum, og helst forða okkur frá því að „skemmta okkur í hel“, einsog okkur er spáð, með því móti að beina sjónum okkar inn á við, í leit að sálarkorninu, ef ske kynni að eitthvað væri eftir af því.

Kunningi minn Sigurður Þórir málar af sömu meðfæddu þrjós-kunni og jafnan áður. Og kannski er það einmitt þessi undarlega þrjóska sem sker úr um það hvort menn endast í listinni, en ekki fingrafimi eða viðbragðsflýtir að taka til fótanna á eftir hverri bólu sem tísku- og auglýsingaiðnaði þóknast að blása upp.

Mikið hefur okkur eyjarskeggjum legið á að verða menn með mönnum í og á skjám heimsins. Það er skiljanlegt og ekkert við því að segja. En hinar taumlausu, oft að því er virðist, ástæðulausu sviptingar í hugmyndum og smekk þjóðarinnar benda til þess við séum ennþá með oðbirtu þess morguns í augunum þegar við loksins skriðum útúr moldarkofunum. Okkur hættir til að vaða úr einu í annað í stöðvunarleysi, að meta hærra magn en gæði, að éta í asanum matseðilinn í staðinn fyrir málsverðinn. Við viljum vera með á nótunum hvað sem það kostar, í listum ekki síður en öðru. En stundum hefur glaumurinn verið slíkur, að við misstum átta, gleymdum því um stund hvaðan við komum og hvert erindið var. Þegar svo er komið eru tilfinningaleysið og uppskafningshátturinn á næsta leiti.

Ekkert getur hamið gegn rötleysinu og stefnulausri efnishyggjunni nema listin.

Ef við ráfum þessa dagana hálfvilt í ofankomu alþjóðlegrar prangmenningar, þarsem leigubýið hamast nótt sem nýtan dag við það að fletja út gleðina og draga broddinn úr sársaukanum, þá er listin eina svarið, hún er eina aflið sem megnar að skapa aftur nauðsynlega þungamiðju í persónuleika okkar. Því er gott að koma inn í vinnustofuna hans Sigurðar Þóris, skoða myndirnar hans og hugsa sig um.

Vel að merkja, þá eiginleika sem ég met mest hjá mínum eyjarskeggjum, þykist ég finna í myndum Sigurðar Þóris; það eru seiglan, réttlætiskenndin og trúin á erindi mannsins; jarðsamband hins lágvaxna manns, sem veit innst inni að ekkert fæst ókeypis, að við erum týnd og tröllum gefin nema við lítum reglulega um öxl til áa okkar, að nafli heimsins er þar sem heiðarlegt fólk vinnur í friði sín störf - að list jafnt sem öðru.

Ólafur Haukur Simonarson

Málverkaskrá

- | | | | | | | | |
|----|----------------------------------------------|----|------------------------------------------------------|----|-----------------------------------------------------|----|----------------------------------------------------|
| 1 | RAUÐUR Á HAUS. Olía
40 x 40 cm. 1987 | 14 | Í SKJÓLI LÍFSINS. Olía
180 x 200 cm. 1987-1988 | 27 | UNGDÓMAR. Indian Ink
100 x 70 cm. 1985 | 39 | BLÓMARÓSIR. Olía
90 x 70 cm. 1987 |
| 2 | SAMRUNI. Olía
40 x 40 cm. 1987 | 15 | UNDIR ÁHRIFUM. Olía
130 x 100 cm. 1987 | 28 | Í SPEGLI DAGSINS. Olía
75 x 60 cm. 1987 | 40 | FYRIR OPNU HAFI. Olía
90 x 70 cm. 1987 |
| 3 | Í HEIMI DAGSINS. Olía
90 x 90 cm. 1987 | 16 | LÍFSPRÁ. Olía
135 x 105 cm. 1987 | 29 | SKAMMDEGI VERALDAR. Olía
115 x 75 cm. 1987 | 41 | TILBRIGÐI VIÐ LÍF. Olía
200 x 200 cm. 1987-1988 |
| 4 | HVAR ER HUGUR MINN. Olía
70 x 90 cm. 1987 | 17 | „HANDSMÁ OG HÝREYGG“. Olía
135 x 105 cm. 1987 | 30 | TILBRIGÐI VIÐ VANGA. Olía
55 x 90 cm. 1987 | 42 | BLÓM LÍFSINS. Olía
90 x 120 cm. 1987 |
| 5 | SÖKNUÐUR. Olía
130 x 100 cm. 1987 | 18 | HVAR ER RÓMEÓ. Olía
55 x 40 cm. 1987 | 31 | VENUSBLÓMI LÍFSINS. Olía
200 x 200 cm. 1987-1988 | 43 | DANSGRÍMA. Olía
90 x 55 cm. 1987 |
| 6 | POSEIDON. Olía
90 x 90 cm. 1987 | 19 | VIÐ SVANAVATNIÐ. Olía
100 x 130 cm. 1987 | 32 | MED FÍAN HATT Á HÖFÐI. Olía
90 x 70 cm. 1987 | 44 | ANDLITIN TVÖ. Olía
55 x 90 cm. 1987 |
| 7 | HVAR SIT ÉG. Olía
105 x 80 cm. 1987 | 20 | HÓMER HUGSAR HEIM. Olía
70 x 55 cm. 1987 | 33 | SVANIRNIR Á TJÖRNINNI. Olía
90 x 70 cm. 1987 | 45 | UPP TIL ÞÍN. Blönduð tækni
100 x 70 cm. 1985 |
| 8 | NÆ ÉG ÁTTUM. Olía
70 x 70 cm. 1987 | 21 | FRJÓANGAN. Olía
135 x 100 cm. 1987 | 34 | VIÐ TVÖ. Indian Ink
100 x 70 cm. 1986 | 46 | LÍFSANDINN. Blönduð tækni
100 x 70 cm. 1985 |
| 9 | HVAÐ DREGUR HUGANN. Olía
55 x 70 cm. 1987 | 22 | LÍFSILMUR. Olía
65 x 45 cm. 1986 | 35 | Í HRING, UM MIG. Indian Ink
70 x 100 cm. 1985 | 47 | UMVAFIN STUND. Olía
120 x 90 cm. 1987 |
| 10 | NÆRVERA. Olía
80 x 100 cm. 1987 | 23 | HEITMEY ÍKARUSAR. Blönduð tækni
100 x 70 cm. 1985 | 36 | UM STUND. Indian Ink
70 x 100 cm. 1985 | 48 | ANDLIT VIÐ RAUDAN VEGG. Olía
40 x 40 cm. 1987 |
| 11 | FYRIRBOÐUN. Olía
120 x 65 cm. 1987 | 24 | INNAN DYRA. Indian Ink
100 x 70 cm. 1985 | 37 | EFTIR LANGAN DAGINN. Olía
200 x 150 cm. 1987 | 49 | KONA MEÐ KISU. Olía
40 x 55 cm. 1987 |
| 12 | ÉG NÆ ÁTTUM. Olía
65 x 80 cm. 1987 | 25 | PARADÍSARAUDN. Olía
200 x 140 cm. 1987. | 38 | Á SÝNINGU. Olía
90 x 70 cm. 1987 | | |
| 13 | MÓÐURMYND. Olía
130 x 100 cm. 1987 | 26 | Í SKRÚÐI. Indian Ink
100 x 70 cm. 1985 | | | | |

Um málarann.

Sigurður Þórir er alltaf að mála. Vinnan er orðin honum trú og gjöfull félagi. Hún lætur manninn ekki í friði og hvers vegna skyldi hann þá ekki vera með á köttinn? Hvort sem hann er staddur í Kaupmannahöfn, í Reykjavík eða austur á Borgarfirði, þá skoðar hann og teiknar. Ef til vill átti Sigurður auðveldara með teiknunina en að mála, hér á árum áður, en stöðug iðjusemi hefur veitt honum holla mótstöðu. Hann hefur ekki viljað stytta sér leið heldur farið beint upp brekkuna þar sem hann kom að henni. Og eins og verða vill á slíkum reisum þá eykur viðnámið áræði og einlægni. Átökin verða meiri og markvissari og vísa á brott allri óþarfa þvælu.

Framanaf málaði Sigurður pólitískar myndir, oft kaldhæðnislegar og eitur-grænar. En hann hefur breyst mikið. Hann hefur leitað dýpra í jarðveg hinnar myndlistarlegu hefðar og ekki síst hlustað á innri rödd sjálfs sín. Hann hefur komist að því að sterk eftirtekt, það að sjá, er upphaf þess að móta hlutina eins og hann sjálfur vill sjá þá. Þetta er því ekki einungis formalismi, heldur veruleikinn, séður í gegnum glugga skáldskaparins. Sigurður málar manneskjuna, lætur pólitikusana um að stjórna dauða dótinu, með sínum skyldum. Hingað til hefur póesían hjá Sigurði ekki lent í ástandinu og lagst undir spekinga markaðshyggjunnar, sem þeir með sömu hyggju kalla þróun. Sigurður les ljóð og í huga hans er hinn norræni arfur, goðsaga um mannleg samskipti. M.a. þess vegna hefur hann aldrei haft áhuga á að búa til myndir af engu og því síður að fást við innantóman ytri hagleg. Sigurði finnst myndirnar megi vera grófar ef þær hafa frá slíku að segja, það er þá þeirra líkami. Stundum geta þær minnt á óblíða gotneska list, því hér er svið fyrir heilaspuna, náttúruskissur, hið kynlega og skrautkennda óhóf í látlausri tilbreytingu. Þessi stefna hefur rúm fyrir einföldun barnsins og heimagerða trúarmynd alþýðumannsins og grófa smíði klaufans. Hún er andstæða hins leikna vöfundar, sem lætur mótstöðu efnisins sig lítið varða.

Sé það rétt að kúnstin sé níutíu prósent vinna og tíu prósent hæfileiki, þá er Sigurður Þórir vafalaust ánægður með þá úthlutun. Hann þarf ekki að örvænta því þrautseigur er hann vel.

Á þessum hóli situr hann og horfir til nýrra vídda. Þó ekki sé heiðskirt framundan, þá má þó sitja hér um stund með þolanlega samvisku og heiðrika vitund þess sem búinn er að fara upp hlíðina og skoða vel það sem þar grær.

T.Ó.



HANDSMÁ OG HÝREYG
135×105, olía á striga, 1987

LÍFSÞRÁ
135×105, olía á striga, 1987

Ljósmyndir: Lárus Karl
Litgreining: Myndröf
Setning, filmuvinna, prentun: Grafík hf.